

Stafnes

Athugasemdir og viðbætur

Halldóra Ingibjörnsdóttir, Flankastöðum, bar lýsingu Stafness undir Guðmund Guðmundsson, Bala, Stafnesi. Hann hafði þetta um lýsinguna að segja (sbr. svör við spurningum):

Ekki er vitað, hvenær Stafnesstekkur (5) var notaður.

Glaumbær átti þangfjöru á Glaumbæjarhól (8).

Refstangi (20) á að vera **Refatangi** (20a). Þar var kúabeit.

Nafnið Kolaflúð (30) gæti verið komið af því, að þangað hefðu borizt kol úr strönduðum skipum.

Hörmungasund (36) var vandræðaleið, en var farin, þegar menn vildu stytta sér leið.

Skipahólmi (44) á að vera **Skipahólmi** (44a). Vertíðarskip voru geymd þar á milli vertíða. Þar flæddi aldrei yfir. Þar sem skipin stóðu, var kallaður **Flór** (44b). Þar var jafnaður flór, en hann var ótryggur. – Á þessum hólma var bær áður fyrir.

Loddubrunnur (113) var brunnur frá bænum Loddu. Hann er enn til, því að Eiríkur Jónsson, sem síðar bjó í Norðurkoti, gróf hann upp um eða fyrir 1920.

Gálgaklettur (121) eru einnig nefndir **Gálgar** (121a)

Enn sést móta fyrir rústum af Stafnesseli (130).

Ekkert er vitað um tilefni örnefnanna Ögmundargerði (4), Möngurif (35), Gunnusandur (68), Arnbjarnarhólmi (79), Runkhólmi (104) eða Pétursvarða (117) né fólk það, sem þau eru kennd við.

Örnefnastofnun, 9/6 1980,

Sigríður Jóhannsdóttir.

[sign.]

Stafrófsskrá örnefna

Flór 44b
Gálgar 12la
Refatangi 20a
Skipahólmi 44a